

500 milljónir til Loftslagssjóðs – opnað fyrir umsóknir

Frá kynningu Loftslagssjóðs í dag.

Alls verður um 500 milljónum króna varið til Loftslagssjóðs á fimm árum og þar af verða 140 milljónir króna til ráðstöfunar í fyrstu úthlutun. Opnað var í dag fyrir umsóknir í Loftslagssjóð en stofnun hans er ein af aðgerðum stjórnvalda í loftslagsmálum.

Fullt var út úr dyrum á kynningarfundum um [Loftslagssjóð](#) sem haldinn var í Norræna húsinu í hádeginu í dag. Um er að ræða nýjan samkeppnissjóð sem heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðherra og hefur ráðherra falið Rannís umsjón með honum. Öllum er heimilt að sækja um í sjóðinn og er opið fyrir umsóknir til 30. janúar n.k.

„Til að takast á við loftslagsvána þurfum við margs konar lausnir – við þurfum nýsköpun og þess vegna er dagurinn í dag stór dagur,“ segir Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra. „Við höfum lagt mikla áherslu á nýsköpun.“

Á fundinum var farið yfir áherslur stjórnar Loftslagssjóðs fyrir fyrstu úthlutun, sem og umsóknarferlið. Boðið er upp á tvær styrktegundir og eru styrkir veittir til eins árs. Annars vegar er um að ræða styrki til kynningar og fræðslu um loftslagsmál og getur styrkupphæð verið allt að 5 milljónir króna. Hins vegar er um að ræða styrki til nýsköpunarverkefna en þeim er m.a. ætlað að styrkja rannsóknir og þróunarstarf í tengslum við innleiðingu á nýjum loftslagsvænum tæknilausnum og hönnun. Nýsköpunarstyrkir geta verið allt 10 milljónir króna og numið allt að 80% af kostnaði verkefnis.

Stjórn Loftslagssjóðs skipar fagrað sem metur styrkhæfi umsókna. Meðal þess sem haft verður til hliðsjónar eru jákvæð áhrif verkefnisins á loftslag, hvort það hafi jákvæð samfélagsleg áhrif, nýnæmi verkefnisins og hvort það muni nýtast víða í samfélaginu.

Á heimasíðu Rannís má nálgast allar nánar [upplýsingar um Loftslagssjóð](#), úthlutunarreglur og umsóknareyðublöð. [Ítarleg handbók Loftslagssjóðs](#) hefur auk þess verið sett á netið.

<https://www.stjornarradid.is/default.aspx?pageid=e5cf150d-33a7-11e6-80c7-005056bc217f&newsid=a283fb1a-11f7-11ea-944f-005056bc530c>